



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 9/2016

Afturköllun og bann við afhendingu endurskinsmerkja frá Menntamálastofnun

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofu barst ábending vegna endurskinsmerkja frá Menntamálastofnun. Um var að ræða kringlótt gult merki (5 cm) með broskalli á annarri hliðinni og hinni hliðinni stendur „*Jákvæð samskipti*“ fyrir ofan mynd og „*mms.is*“ fyrir neðan myndina.

Með bréfi, dags. 28. desember 2015, fór Neytendastofa fram á að Menntamálastofnun léti Neytendastofu í té gögn sem sýndu fram á að umrætt merki uppfyllti þær kröfur sem gerðar séu til endurskinsmerkja í lögum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og stöðlum. Farið var fram á upplýsingar um það hvort varan sé CE-merkt, hvort númer viðeigandi staðals sé á merkjum eða umbúðum, hvort samræmisyfirlýsing sé með vörinni og hvort leiðbeiningar á íslensku hafi fylgt með. Í bréfinu var vakin athygli á því að framleiðandi beri ábyrgð á því að samræmisyfirlýsing og önnur viðeigandi tækniskjöl hafi verið gerð fyrir endurskinsmerkin í samræmi við lög og reglur sem gilda um öryggi vöru. Framleiðendum og dreifingaraðilum beri að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 957/2006, um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum og tæknilega samhæfingu, sbr. einnig reglugerð 591/1994 um gerð persónuhlífa og ákvæði reglugerðar nr. 635/1999, um persónuhlífar til einkanota. Þá var einnig tekið fram að framleiðendum og dreifingaraðilum væri skylt að leggja fram slíkar upplýsingar að beiðni eftirlitsstjórnvalds, sbr. einnig reglugerð 591/1994 um gerð persónuhlífa.

2.

Svar Menntamálastofnunar barst með bréfi þann 20. janúar 2016. Þar kom fram að stofnunin hafi gefið leik- og grunnskólabörnum í Kópavogi merkin í tilefni af Degi gegn einelti. Um hafi verið að ræða 2.700 stk. sem pöntuð hafi verið frá Bros-Auglýsingavörum. Menntamálastofnun hafi óskað eftir svörum frá Bros-Auglýsingavörum vegna fyrirspurnar Neytendastofu. Í svari Bros-



Auglýsingavara hafi komið fram að það væru hvorki CE merkingar á vörunni né á umbúðunum. Einnig hafi komið fram að þar sem varan væri auglýsingavara þá þyrfti hún ekki að vera CE merkt. Engar leiðbeiningar séu á íslensku.

Menntamálastofnun hafi verið í þeirri trú að umrætt endurskinsmerki uppfyllti þær kröfur sem endurskinsmerki eigi að uppfylla þar sem á heimasíðu Bros-Auglýsingavara væru upplýsingar um endurskinsmerki sem fyrirtækið láti framleiða fyrir viðskiptavini, en þar segi m.a. „Öll okkar endurskinsmerki eru framleidd skv. ítrustu gæðakröfum og skv EN13356;2001 staðlinum og með CE merkingu.... og svo frv.“ Menntamálastofnun biðjist afsökunar á þessu alvarlegu mistökum, sem varða öryggi barna og fari þess á leit við Neytendastofu að fá leiðbeiningar um hvað best sé að gera í framhaldinu.

3.

Með bréfi, dags. 8. febrúar 2016, lagði Neytendastofa tímabundið sölubann á umrætt merki með vísan til 1. másl. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og krafði Menntamálastofnun um gögn vegna málsins, sbr. reglugerð nr. 635/1999. Í bréfinu var tekið fram að framleiðandi vöru bæri ábyrgð á því að EB-samræmisýfirlýsing og önnur viðeigandi tækniskjöl hefðu verið gerð fyrir endurskinsmerki í samræmi við lög og reglur sem gilda um öryggi vöru. Framleiðendum og dreifingaraðilum beri að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 957/2006. CE merki sé staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum. Þess var krafist af hálfu Neytendastofu að Menntamálastofnun leggið fram slíkar upplýsingar. Þá var einnig tekið fram að tækist framleiðanda eða dreifingaraðila að sanna að umræddar vörur séu í samræmi við grunnkröfur laga, reglugerð og staðla sem gilda um framleiðsluna yrði fallið frá tímabundnu banni um frekari afhendingu vörunnar.

4.

Engin gögn bárust frá Menntamálastofnun sem staðfestu að að umrætt merki uppfyllti þær kröfur sem gerðar séu til endurskinsmerkja í lögum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og staðli.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar ábendingu sem Neytendastofu barst um að endurskinsmerki frá Menntamálastofnun væru ekki CE-merkt og ekki merkt með staðlinum ÍST EN 13356. Auk þess



vantaði nafn framleiðanda, upplýsingar um tegund eða heiti vörunnar og upplýsingar um tilkynntan aðila sem staðfest hefur samræmi merkisins við kröfur.

Í svörum Menntamálastofnunar kom fram að endurskinsmerkin hafi verið keypt frá Bros-Auglýsingavörum og Menntamálastofnun hafi staðið í þeirri trú að þau uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru til endurskinsmerkja. Þar sem Menntamálastofnun lagði ekki fram EB-samræmisyfirlýsing og viðeigandi tækniskjöl sem staðfestu að endurskinsmerkin uppfylltu gerðar kröfur lagði Neytendastofa á tímabundið bann við frekari afhendingu merkjanna og gaf Menntamálastofnun fjórar vikur til að leggja fram gögnin. Engar frekari skýringar eða gögn bárust Neytendastofu.

Um endurskinsmerki gilda lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og reglugerð nr. 635/1999, um persónuhlífar til einkanota, auk þess sem endurskinsmerki þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í staðli ÍST EN 13356 – Endurskinsbúnaður til almenningsnota – Prófunaraðferðir og kröfur. Í lögum, svo og reglum settum samkvæmt þeim eru einnig ítarleg ákvæði um skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila, en þar segir m.a:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við edlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.

2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.

3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.



4. *Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.*“

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar skilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Þá segir og einnig í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 635/1995 að eingöngu sé heimilt að setja á markað persónuhlífar til einkanota sem vernda eiga heilsu og tryggja öryggi notenda, án þess að stofna heilsu eða öryggi annarra í hættu þegar þær eru notaðar og þeim við haldið eins og til er ætlast.

Um hönnun, framleiðslu og gerð endurskinsmerkja gildir staðallinn ÍST EN 13356. Skylt er að prófa og merkja slíkar vörur með tilvísun til staðalsins og CE-merkja vöruna því til staðfestingar. Í 6. gr. reglugerðar nr. 635/1999 segir:

„Persónuhlífar til einkanota sem settar eru á markað hér á landi skulu annaðhvort vera hannaðar og framleiddar í samræmi við samhæfða evrópska staðla eða hannaðar og framleiddar í samræmi við eintak sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu tilnefnds aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með útgáfu samræmisýfirlýsingar skal framleiðandi staðfesta að uppfylltar séu kröfur til markaðssetningar á persónuhlífum til einkanota. Hann skal hafa tiltæk tæknigögn um framleiðsluna, sé þess óskað að þau verði lögð fram.

Óheimilt er að setja á markað hér á landi persónuhlífar sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar nema þær séu merktar með CE-merkinu.“

2.

Rík skylda hvílir á framleiðendum, innflytjendum, dreifingaraðilum og söluaðilum endurskinsmerkja að sjá til þess að merkin uppfylli skilyrði þess að teljast örugg. Endurskinsmerki sem uppfylla ekki kröfur um endurskin veita falskt öryggi og getur þar af leiðandi skapast lífshætta þar sem neytandi telur sig vera með endurskinsmerki sem öikumenn ættu að sjá.

Í ljósi þess að ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á að nefnd vara uppfylli skilyrði um að teljast örugg verður að telja að varan sé ekki örugg í skilningi 8. gr. laga nr. 134/1995, og reglugerðar nr. 635/1999. Telur Neytendastofa því, með vísan til 1. mgr. 20 gr. laga nr. 134/1995,



sbr. og 21. gr. sömu laga, ekki hjá því komist að leggja ótímabundið bann á alla afhendingu umræddra endurskinsmerkja og láta afturkalla vöruna frá neytendum.

Af þessu leiðir að fjarlægja ber öll eintök umræddra endurskinsmerkja af markaði svo tryggt sé að notkun þeirra sé tafarlaust hætt. Hið sama á einnig við hjá dreifingaraðilum sem hafa merkin undir höndum.

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995 á framleiðandi eða fulltrúi hans að bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað, sé vara ekki í samræmi við settar reglur. Þá segir að framleiðandi eða fulltrúi hans eigi að greiða allan þann kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Neytendastofa fer fram á að Menntamálastofnun birti fréttatilkynningu til neytenda til þess að tryggja öryggi þeirra neytenda sem hafa ofangreindar vörur og til þess að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð. Neytendastofa mun jafnframt birta tilkynningu í samræmi við efni þessarar ákvörðunar, svo sem venja er til, en bendir jafnframt á heimild stofnunarinnar til að krefja framleiðanda eða ábyrgðaraðila vöru um kostnað við gerð tilkynninga sem gerðar eru á grundvelli laganna telji stofnunin þörf á frekari tilkynningum til almennings en að ofan greinir, sbr. 24. gr. laga nr. 134/1995.

Afturköllun og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu má búast við tekin verði ákvörðun um dagsektir á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995.

III.

Ákvörðunarorð:

„Menntamálastofnun, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, gert að afturkalla af markaði kringlótt endurskinsmerki (5 cm) með broskalli á gulum grunn og orðunum *Jákvæð samskipti og mms.is*.

Með vísan til sömu ákvæða leggur Neytendastofa bann við afhendingu umræddra endurskinsmerkja. Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.



Með vísan til 24. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, fer Neytendastofa fram á að Menntamálastofnun birti fréttatilkynningu um innköllunina. “

Neytendastofa, 17. mars 2016

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir